

1. Orlofsreikningar eru verðtryggðir reikningar. Orlofsreikningar eru stofnaðir af launagreiðanda fyrir launþega til vörslu og vinnslu orlofs sem launagreiðandi greiðir út í samræmi við ákvæði laga um orlof nr. 30/1987 (lög um orlof). Tilgangur orlofsreiknings er að auðvelda orlofsgreiðendum að halda utan um orlofsgreiðslur til starfsmanna en er ekki orlofsreikningur samkvæmt lögum um orlof. Arion banki hf., kt. 581008-0150 (hér eftir einnig vísað til sem „Arion banki“ eða „bankinn“) veitir því ekki þjónustu samkvæmt framangreindum lögum.
2. Við stofnun orlofsreiknings skráir Arion banki reikning launþega sem launagreiðandi greiðir orlofið inn á. Launagreiðandi veitir upplýsingar um hvaða reikning launþega orlof skal ráðstafað inn á við lok binditíma reikningsins. Innstæða reiknings er bundin til 10. maí ár hvert og greiðist orlof sjálfkrafa út 11. maí hafi ráðstöfunarreikningur orlofs verið tilgreindur. Í undantekningartilfellum er hægt að óska eftir útgreiðslu orlofs fyrir 11. maí en slíkt kann að vera háð skilyrðum.
3. Launagreiðandi ber ábyrgð á því að samþykki launþega liggja fyrir við stofnun orlofsreikningsins og að hafa nægt umboð til að koma fram fyrir hönd launþega. Launagreiðandi ber ábyrgð á og staðfestir að launþegi hafi fengið afhenta og kynnt sér skilmála þessa, almenna viðskiptaskilmála Arion banka, almenna skilmála innlánsreikninga Arion banka, verðskrá bankans og vaxtatöflu eins og hún er hverju sinni. Launagreiðandi ábyrgist jafnframt að vinnsla og miðlun persónuupplýsinga um launþega sé í samræmi við lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar nr. 90/2018.
4. Með stofnun orlofsreiknings, fyrir hönd launþega, staðfestir launagreiðandi að fyrir liggja samþykki launþega varðandi gjaldtöku vegna veittrar þjónustu í tengslum við orlofsreikninga í samræmi við verðskrá bankans eins og hún er hverju sinni. Þá staðfestir launagreiðandi að launþegi samþykki að gjöld og vextir þessa reiknings fylgi breytingum á verðskrá og vaxtatöflu bankans. Í 7. gr. almennra skilmála innlánsreikninga og vaxtatöflu er að finna nánari skýringar á vaxtaákvörðun bankans. Launagreiðandi ábyrgist greiðslu alls kostnaðar samkvæmt ákvæði þessu hafi launagreiðandi ekki veitt samþykki sitt.
5. Arion banki ber ekki ábyrgð á innheimtu orlofslauna.
6. Orlofsreikningur er eyðilagður eftir að hann hefur staðið innstæðulaus og óhreyfður í 18 mánuði. Komi til eyðileggingar orlofsreiknings mun innstæða hans vera færð á óverðtryggðan vaxtalaus biðreikning hjá Arion banka. Launþegar geta óskað millifærslu innstæðu af biðreikningum með því að hafa samband við Arion banka og kenna á sér deili.
7. Skorti samþykki launþega eða umboð fyrir einhverjum þeim atriðum er fram koma í skilmálum þessum skal launagreiðandi halda Arion banka skaðlausum, þar með talið en ekki einskorðað við af öllum kostnaði sem stofnað hefur verið til vegna veitingar þjónustunnar, útlögðum kostnaði og skaðabótakröfum.
8. Arion banki vinnur persónuupplýsingar í samræmi við persónuverndaryfirlýsingu bankans. Persónuverndaryfirlýsing bankans er aðgengileg á heimasíðu bankans og gildir samhliða skilmálum þessu. Arion banki vinnur persónuupplýsingar í samræmi við gildandi persónuverndarlög á hverjum tíma.

Skilmálar þessir voru birtir 15.01.2025.